



FUNDARGERÐ 471. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, föstudaginn 23. september 2022. Fundurinn er settur klukkan 14:03. Fundurinn er staðfundur að Gylfaflöt 5 og fjarfundur.

Fundarstjóri: Valdimar Víðisson formaður stjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt: Aldís Stefánsdóttir og Valdimar Víðisson.

Sækja fund með fjarfundarbúnaði: Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Guðfinnur Sigurvinsson, Orri Hlökkversson og Ragnhildur Jónsdóttir í forföllum Svönu Helenar Björnsdóttur.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri sækja staðfund. Gunnar Dofri Ólafsson samskipta- og þróunarstjóri sækir fjarfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 470. fundar stjórnar borin upp til samþykktar. Fundargerðin er samþykkt og verður sett í rafrænt undirritunarferli.

2. Drög að fjárhagsáætlun og gjaldskrá kynnt.

Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri gera grein fyrir fjárhagsáætlun SORPU og gjaldskrá.

Drögin rædd.

Stjórn leggur fyrir stjórnendur SORPU að vinna áætlunina áfram og kynna á aukafundi í næstu viku.

3. Staða útflutningsáforma SORPU bs.

Framkvæmdastjóri leggur fram og gerir grein fyrir minnisblaði um stöðu útflutningsáforma SORPU bs. á brennanlegum úrgangi.

Minnisblaðið, sem er trúnaðarmál, rætt.



4. Uppsögn á lóðarleigu vegna endurvinnslustöðvar í Kópavogi

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir erindi bæjarstjóra Kópavogs um uppsögn lóðarleigu vegna endurvinnslustöðvar SORPU við Dalveg í Kópavogi.

Stjórn SORPU bókar eftirfarandi:

„Stjórn SORPU hefur tekið til umræðu þá stöðu sem fyrirhugað brotthvarf endurvinnslustöðvar SORPU á Dalvegi felur í sér, sérstaklega vegna þeirrar skertu þjónustu við íbúa í Kópavogi, Garðabæ og Neðra-Breiðholti í Reykjavík sem það veldur.

Stjórn kallar eftir að samtal verði hafið við fulltrúa áðurnefnda sveitarfélaga um staðsetningu fyrir nýja endurvinnslustöð sem þjónar íbúum áðurnefndra svæða.

Stjórn felur stjórnarmönnum Kópavogs, Garðabæjar og Reykjavíkur að hefja samtal við sínar sveitarstjórnir í samstarfi við framkvæmdastjóra SORPU um staðsetningu nýrrar endurvinnslustöðvar.“

5. Launakjör stjórnar og framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri, fjármálastjóri og samskipta- og þróunarstjóri víkja af fundi undir þessum lið.

Haraldur Flosi Tryggvason Klein lögmaður tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Lagt er fram minnisblað Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 12. apríl 2022, um stjórnarlaun byggðasamlaga. Um leið er aflétt trúnaði af eftirfarandi bókun, undir liðnum önnur mál. í fundargerð 468. stjórnarfundar 19. maí 2022:

„Fráfarandi stjórn SORPU bs. mælist til þess við nýja stjórn að endurskoða laun stjórnar SORPU bs. og færi þau til samræmis við 13. gr. samþykktar um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg.

Fráfarandi stjórn SORPU bs. mælist einnig til þess að laun framkvæmdastjóra verði endurskoðuð og tryggi að þau verði í samræmi við umfang, ábyrgð, vinnuframlag og álag starfsins.“

Fram fara umræður um launakjör framkvæmdastjóra. Stjórn leggur fram eftirfarandi tillögu:

Stjórn SORPU samþykkir að fela stjórnarformanni að vinna tillögu að endurskoðun launakjara framkvæmdastjóra með hliðsjón af umfangi, ábyrgð, vinnuframlagi og álagi starfsins og sambærilegum störfum.

Afgreiðslu liðar lokið klukkan 15:52.

Guðfinnur Sigurvinsson víkur af fundi klukkan 15:52.

6. Næsti fundur

Næsti reglulegi fundur er ákveðinn föstudaginn 21. október klukkan 14:00 en aukafundur verður haldinn í næstu viku vegna áætlanagerðar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 16:00.